

# **ANNUAL REPORT 2009    ÁRSSKÝRSLA 2009**



**iceida**



## Annual Report 2009/Árskýrsla 2009

Icelandic bilateral development cooperation from 1 January to 31 December 2009  
Tvíhliða þróunarsamvinna Íslands 1. janúar til 31. desember 2009

Published by ICEIDA, P.O. Box 5330, IS-125 Reykjavík, Iceland  
Útgefið af þSSÍ, P.O. Box 5330, 125 Reykjavík, Ísland

© Icelandic International Development Agency 2010  
© Þróunarsvinnustofnun Íslands 2010

**Editor/Ritstjóri:** Þórarinna Söebech  
**Co-Editor/Aðstoðarritstjóri:** Gunnar Salvarsson

### Contributors/Eftirfarandi lögðu til efni:

Alda Jorge  
Ágústa Gísladóttir  
Árni Helgason  
Ásdís Bjarnadóttir  
Davíð Bjarnason  
Drífa Hrönn Kristjánsdóttir  
Dulce Mungoi  
Geir Oddsson  
Gioconda Guevara  
Gísli Pálsson  
Glúmur Baldvinsson  
Guðmundur Valur Stefánsson  
Gunnar Salvarsson  
Hannes Hauksson  
Jo Tore Berg  
Margrét Einarsdóttir  
Nína Helgadóttir (RKÍ/IRC)  
Sighvatur Björgvinsson  
Stefán Jón Hafstein  
Stefán Kristmannsson  
Tumi Tómasson  
Þórarinna Söebech  
Þórdís Sigurðardóttir  
Vilhjálmur Wiium

**Proofreading and translation/Prófarkalestur og þýðing:** Hildur Pétursdóttir og Oliver Kentish

**Photos/Ljósmyndir:** Gunnar Salvarsson

**Graphic Design/Hönnun:** Vatikanið ehf. og Vilborg Anna Björnsdóttir

**Layout/Umbrot:** Vilborg Anna Björnsdóttir

**Printing/Prentun:** GuðjónÓ



# Contents

# Efnisyfirlit

<b>Foreword by the Director General of ICEIDA</b>	4	4	<b>Formáli framkvæmdastjóra þSSÍ</b>
<b>Highlights from the Home Office</b>	7	7	<b>Yfirlit frá aðalskrifstofu</b>
<b>Malawi</b>	15	15	<b>Malaví</b>
Introduction	16	17	Inngangur
Development Cooperation between ICEIDA and Malawi	19	19	Þróunarsamvinna þSSÍ og Malaví
Support to the Education Sector	19	19	Stuðningur við menntamál
Support to the Health Sector	20	21	Stuðningur við heilbrigðismál
Support to Water and Sanitation	22	21	Stuðningur við vatns- og hreinlætismál
Support to the Fisheries Sector	22	22	Stuðningur við fiskimál
Cross-Cutting Issues - Gender	24	24	Þverlæg málefni – jafnréttismál
<b>Namibia</b>	25	25	<b>Namibía</b>
Introduction	26	27	Inngangur
Development Cooperation between ICEIDA and Namibia	26	27	Þróunarsamvinna þSSÍ og Namibíu
Support to the Education Sector	26	27	Stuðningur við menntamál
Support to Water and Sanitation	30	31	Stuðningur við vatns- og hreinlætismál
Support to the Fisheries Sector	32	32	Stuðningur við fiskimál
Cross-Cutting Issues - Gender	32	32	Þverlæg málefni – jafnréttismál
<b>Mozambique</b>	33	33	<b>Mósambík</b>
Introduction	34	35	Inngangur
Development Cooperation between ICEIDA and Mozambique	34	35	Þróunarsamvinna þSSÍ og Mósambíkur
Support to the Education Sector	37	37	Stuðningur við menntamál
Support to the Health Sector	37	37	Stuðningur við heilbrigðismál
Other Support to Social Infrastructure	38	39	Annar stuðningur við félagslega innviði
Support to the Fisheries Sector	38	39	Stuðningur við fiskimál
Cross-Cutting Issues - Gender	40	40	Þverlæg málefni – jafnréttismál
<b>Uganda</b>	41	41	<b>Úganda</b>
Introduction	42	43	Inngangur
Development Cooperation between ICEIDA and Uganda	45	43	Þróunarsamvinna þSSÍ og Úganda
Support to the Education Sector	45	45	Stuðningur við menntamál
Multisectoral Support	46	47	Marghliða stuðningur
Support to the Fisheries Sector	48	47	Stuðningur við fiskimál
Support to Private Sector Development	48	48	Stuðningur við þróun einkageirans
Support to NGOs	50	48	Stuðningur við frjáls félagasamtök
Cross-Cutting Issues - Gender	50	50	Þverlæg málefni – jafnréttismál
<b>Sri Lanka</b>	51	51	<b>Srí Lanka</b>
Introduction	52	53	Inngangur
Development Cooperation between ICEIDA and Sri Lanka	52	53	Þróunarsamvinna þSSÍ og Srí Lanka
Support to the Fisheries Sector	52	53	Stuðningur við fiskimál
Other Activities	56	57	Önnur starfsemi
Cross-Cutting Issues - Gender	58	58	Þverlæg málefni – jafnréttismál
<b>Nicaragua</b>	59	59	<b>Níkaragva</b>
Introduction	60	61	Inngangur
Development Cooperation between ICEIDA and Nicaragua	60	61	Þróunarsamvinna þSSÍ og Níkaragva
Support to Social Infrastructure	63	63	Stuðningur við félagslega innviði
Support to the Energy Sector	63	63	Stuðningur við orkumál
Support to NGOs	64	64	Stuðningur við frjáls félagasamtök
Cross-Cutting Issues - Gender	64	64	Þverlæg málefni – jafnréttismál
<b>Financial Overview 2009</b>	66	67	<b>Fjármálayfirlit 2009</b>
<b>Annual Accounts</b>	68	69	<b>Ársreikningur</b>
<b>Steering Group, Council on International Development Cooperation and Development Cooperation Committee</b>	74	75	<b>Stýrihópur, samstarfsráð um þróunarsamvinnu og þróunarsamvinnunefnd</b>
<b>Employees and Consultants in the year 2009</b>	76	77	<b>Starfsfólk og ráðgjafar þSSÍ árið 2009</b>
<b>Abbreviations</b>	82	82	<b>Skammstafanir</b>
<b>Address list</b>	83	83	<b>Heimilisföng</b>



## Defence

**by Sighvatur Björgvinsson,  
Director General of ICEIDA**

The year of 2009 was a difficult year for the Icelandic people. After having achieved to be ranked first on the United Nations Human Development Index (HDI), the very foundations the nation believed to be the most safe collapsed. It emerged that the expansion of the Icelandic financial system abroad was; at best; built on deception. Despite its impressive packaging, the contents were meagre. The economic growth, which, along with other elements, had put Iceland on the top of the UN HDI, was largely driven by excessive domestic consumption financed, for the most part, by foreign loans. Added to the leverage of households and businesses was leverage caused by the failure of the country's largest commercial and savings banks. In the wake of this came the collapse of the Icelandic króna causing foreign debt to double almost overnight. The Icelandic nation now has to deal with difficulties entailing heavy leverage and greatly reduced trust abroad, as a large number of individuals, companies and institutions have suffered great financial losses because of their business transactions with Icelandic bankers and financiers.

The domestic problems facing the Icelandic government concern first and foremost state expenditure. The nation is no longer in a position to maintain the expenditure pattern established in state activities. This is compounded by the demands now made on the depleted Treasury on behalf of households, businesses and municipalities to take costly actions to resolve their financial problems. It should be clear to all, however, that any effort to rebuild the nation's economy is bound to fail if a balance between revenue and expenditure is not accomplished.

There is little time to achieve this as results must be evident within the next two to three years. This will require efficient decision-making on the tasks to include in the state budget. There is nothing that can be left out of such a reconstruction of state expenses. Neither the running of educational and cultural institutions nor public health services. Not expenditure on social services. Not communal construction projects, such as roads, harbours, airports, schools, hospitals and cultural centres. Not transferred items, such as grants and contributions. None of the above can be excluded from cutbacks in state expenditure if results are to be achieved. Not even contributions to emergency aid and development cooperation can be excluded. And this has not been the case. In 2009, the funds for development cooperation were reduced more than in most other areas. On the one hand, through the direct reduction of budget appropriations and on the other hand as a consequence of the depreciation of the Icelandic króna, as all ICEIDA's foreign commitments, as well as most of the standing commitments regarding contributions to international institutions, are made in US dollars.

## Í vörn

**eftir Sighvat Björgvinsson,  
framkvæmdastjóra þSSÍ**

Árið 2009 var erfitt ár Íslendingum. Eftir að hafa náð efsta sætinu á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna hrundu þeir burðarbitrar undir efnalegri afkomu sem þjóðin hélt vera einna traustasta. Í ljós kom að svokölluð útrás íslenska fjármálakerfisins var byggð á blekkingum þegar best létt. Umbúðirnar sýndust vera miklar en innihaldið var rýrt. Sá hagvöxtur, sem ásamt öðru hafði skilað íslensku þjóðinni í efsta þrep lífskjaralista S.þ. var drifinn áfram af hóflausri einkaneyslu sem að miklu leyti var kostuð með lánsfé frá útlöndum. Við þá skuldsetningu heimila og fyrirtækja bættist skuldsetningin sem leiddi af falli allra stærstu banka og sparsjóða landsins. Svo fylgdi í kjölfarið hrun íslenska gjaldmiðilsins sem eitt út af fyrir sig leiddi nær samstundis til tvöföldunar á erlendum skuldum. Íslendingar glíma nú við vanda, sem lýsir sér í mikilli skuldsetningu og stórkertu trausti utanlands þar sem fjölmargir einstaklingar, félög og stofnanir hafa beðið mikinn fjárhagsskaða af viðskiptum við íslenska banka- og fjármálamenn.

Vandi íslenska ríkisins innanlands er fyrst og fremst útgjaldavandi. Þjóðin er þess ekki lengur umkomin að standa undir því útgjaldamynstri í rekstri ríkisins sem skapað hafði verið. Hvað þá heldur þegar því til viðbótar rísa kröfur frá heimilum, fyrirtækjum og sveitarfélögum um að fjárvana ríkissjóður grípi til kostnaðarsamra aðgerða við að leysa fjárhagsvanda þeirra. Öllum má hins vegar ljóst vera að öll viðleitni til viðreisnar þjóðarbúsins verður unnin fyrir gíg ef ekki næst að koma á jafnvægi útgjalda og tekna hjá ríkissjóði. Til þess gefst ekki nema takmarkaður tími. Á tveimur til þremur árum verður sá árangur að nást.

Það gerist ekki án þess að markvisst sé valið og hafnað viðfangsefnum ríkisfjármála. Þar er ekkert sem hægt er að undanskilja þegar um súlka endurskipulagningu ríkisútgjalfa er að ræða. Ekki rekstur mennta- og menningarstofnana. Ekki þjónusta heilbrigðisstofnana. Ekki útgjöld við kerfi félagslegrar samhjálpar. Ekki samfélagsframkvæmdir á við vegi, hafnir og flugvelli, skólabyggingar, spítala og menningarmiðstöðvar. Ekki tilfærslulíði svo sem styrki og stuðningsframlög. Ekkert af þessu er hægt að undanskilja samdrætti í útgjöldum ef árangur á að nást. Ekki heldur framlög til neyðaraðstoðar og þróunarmála. Enda hefur það ekki verið gert. Á árinu 2009 voru framlög til þróunarsamvinnu lækkuð meira en til flestra annara viðfangsefna. Í fyrsta lagi með beinni lækkun framlaga á fjárlögum. Í öðru lagi sem afleiðing af hruni íslensku krónunnar en allar erlendar skuldbindingar þSSÍ sem og flestar fastar skuldbindingar um framlög til alþjóðastofnana eru umsamdar í bandarískum dollurum.

Stjórnendur þSSÍ í samvinnu við utanríkisráðuneytið brugðust við strax undir lok ársins 2008 þegar ljóst var orðið hvert stefndi í ríkisfjármálum. Þá þegar gerðu menn sér ekki aðeins ljóst að mikill samdráttur ríkisútgjalfa yrði ekki umflúinn árið 2009 heldur einnig, að allt bent til að áframhaldandi samdráttur

ICEIDA's administrators, in conjunction with the Ministry for Foreign Affairs, took action straight away at the end of 2008, when it had become clear where state finances were headed. By then, it was evident that not only were extensive cutbacks in state expenditure unavoidable in 2009, but funds for development cooperation in the following years would inevitably have to be reduced. ICEIDA's reactions would have to take this outlook into account. The subsequent revision of plans and projects assumed that the Icelandic nation would honour all its agreements and obligations undertaken in the partner countries, both vis-à-vis central as well as district and municipal authorities and NGOs. All other financial outlays would have to be suspended. This has been achieved successfully. In 2009, ICEIDA closed its offices in two partner countries, Sri Lanka and Nicaragua. This was implemented while honouring all agreements with these countries. No promises have been broken. The office in Namibia will be closed down before the end of 2010. There too, all agreements will be honoured and promises kept. Only half of the partner countries active in 2008 will therefore remain after 2010 and less than half of that year's funds will be available to ICEIDA. Activities in the remaining three partner countries will be greatly reduced, due to, amongst other things, the lack of funds available to ICEIDA for the preparation of new projects.

For how long can a situation such as this continue? Only a very few years. All ICEIDA's projects last for a limited period of time. The longest-lasting project will be concluded in 2015, whilst most other projects will be completed by the end of 2012. At the end of this period, ICEIDA will grind to a halt without sufficient scope to prepare new projects in the three remaining partner countries.

The Icelandic International Development Agency has operated for nearly 40 years. In the course of its activities, extensive knowledge has been gathered within the Agency on the situation in developing countries and the implementation of development assistance. On the one hand, this is based on continuous operating experience and lessons drawn from such experience handed down from one member of staff to another. On the other hand, the participation of ICEIDA in multilateral cooperation has enabled it to ascertain internationally accepted procedures that have proven most successful. If the Agency's operations now decline, this extensive knowledge and operating experience accumulated will inevitably be lost. It will prove both difficult and costly if operations have to be rebuilt from scratch. Endeavouring to preserve existing knowledge would be far easier. The government is doubtless aware of this fact and I have no doubt that the knowledge and experience of ICEIDA's staff will be preserved, and the Agency will have the capacity to maintain the limited venue remaining, and on that basis prepare to increase its aid again to the world's poorest countries, as is Iceland's obligation, once the most pressing debt difficulties have been resolved.

Earlier, I stated that the trust Iceland has established abroad has been lost to a large extent. ICEIDA has made an effort to guide its operations during cutbacks so as not to lose the trust enjoyed by the Agency – as well as by Iceland and the Icelandic nation – in its countries of operations. We have succeeded in this respect. In every place where we have wound down operations or had no choice but to leave we have held meetings with top level officials. Everywhere we have been received with good will, understanding and great compassion has been expressed to the Icelandic nation in its present difficulties. Everywhere we have received the same questions: "How did what happened to you come to pass? You are a small nation, an active democracy, well educated, well informed, with independent media, numerous universities, and specialist institutions, as well as extensive relations with the international knowledge society. How come this happened to you? Really, couldn't you see where this was heading?"

I will leave it to the readers to answer these questions. The answers are not straightforward. "How could this come to pass? Really, didn't you know?" These questions merit answers. Perhaps the "New Iceland" will be the country where true answers are sought, not merely a country of hollow assertions.

á framlögum til þróunarsamvinnu væri óumflýjanlegur næstu árin þar á eftir. Viðbrögð stofnunarinnar yrðu að taka mið af þeim horfum. Í þeirri endurskoðun á áformum og verkefnum, sem þá hófst, var reynt að ganga út frá því að Íslendingar gætu staðið við alla samninga og skuldbindingar, sem gengið hafði verið frá við samstarfsaðila okkar í þróunarsamvinnu, jafnt stjórnvöld sem hér-aðs- og sveitarstjórnir og frjáls félagasamtök. Öll önnur útgjaldatilefni yrðu að víkja. Þetta hefur tekist. Á árinu 2009 lokaði stofnunin skrifstofum sínum í tveimur samstarfslöndum, Sri Lanka og Níkaragua. Það var gert þannig að við alla samninga í þessum löndum hefur verið staðið. Þar er ekkert loforð óefnt. Í lok næsta árs, ársins 2010, er svo stefnt að því að loka starfseminni í Namibíu. Einnig þar verða allir samningar og öll fyrirheit efnd sem gefin hafa verið. Eftir stendur þá aðeins helmingur af samstarfslöndum stofnunarinnar eins og þau voru árið 2008 og innan við helmingur af þeim fjármunum, sem stofnunin hafði til ráðstöfunar á því ári. Umsvinifin í þeim þremur samstarfslöndum sem eftir standa verða því til muna minni en þau hafa verið m.a. af þeirri ástæðu að stofnunin hefur ekki haft fjármuni til þess að undirbúa ný verkefni.

Hversu lengi getur slíkt ástand varað? Aðeins í örfá ár. Öll viðfangsefni þSSÍ eru tímabundin. Það verkefni, sem lengst líf á, verður á enda komið árið 2015. Flest-öllum mun þeim ljúka um eða við árslok 2012. Svo hratt fjarar undan stofnuninni ef ekki verður svigrúm til þess að hefja undirbúning að nýjum verkefnum í þeim þremur samstarfslöndum sem eftir eru.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur nú starfað í tæp 40 ár. Á þeim starfsferli hefur skapast mikil þekking á aðstæðum í þróunarlöndum og framkvæmd þróunaraðstoðar innan stofnunarinnar. Þar er annars vegar byggt á samfelldri starfsreynslu og þeim lærðómum, sem draga hefur mátt af slíkri reynslu þar sem einn byggir á reynslu annars. Hins vegar hefur þátttaka stofnunarinnar í fjölpjóðasamstarfi gert henni fært að tileinka sér þau vinnubrögð frá alþjóðavettvangi, sem best eru talin hafa gefist. Ef fjarar nú undan starfi stofnunarinnar þá glatast óhákvæmilega þessi mikla þekking og starfsreynsla sem byggst hefur upp á starfsferlinum. Bæði erfitt og kostnaðarsamt mun reynast ef þarf að byggja þar allt upp frá grunni á nýjan leik. Miklum mun auðveldara er að leitast við að verja þá þekkingu sem þó er enn til. Stjórnvöldum er það án efa ljóst þannig að ég efa ekki að þekkingin og reynslan, sem býr meðal starfsfólks þSSÍ, verður varin og stofnuninni gert kleift að verja þann takmarkaða vettvang sem eftir er og undirbúa sig að geta á þeim grunni aukið á ný aðstoð sína við fátækstu ríki heims eins og Íslendingum er skylt að gera þegar fundin hefur verið lausn á bráðasta skuldavandanum.

Ég orðaði það fyrr í máli mínu að Íslendingar búi nú við stórkert traust utanlands. þSSÍ hefur reynt að haga starfsemi sinni á niðurskurðartínum þannig að traustið glatist ekki sem stofnunin hefur haft – og þá um leið Ísland og Íslendingar – í þeim löndum þar sem stofnunin hefur starfað. Það hefur okkur tekist. Hvarvetna þar sem við höfum dregið saman starfsemi eða neyðst til þess að hverfa á braut höfum við átt um það fundi með aðstu stjórnendum. Hvarvetna hefur okkar verið tekið af velvild, skilningi og mikilli samhygð lýst með íslensku þjóðinni í erfiðleikum hennar. Hvarvetna höfum við hins vegar verið spurð sömu spurninganna: „Hvernig gat þetta gerst, sem fyrir ykkur kom? Þið eruð fámenn þjóð, búið við virkt lýðræði, þjóðin er vel menntuð, hún er vel upplýst, hún býr við frjálsa fjölmíðla, með marga háskóla og sérhæfðar stofnanir og á mikil samskipti við alþjóðlegt þekkingarsamfélag. Hvernig get þetta gerst hjá ykkur? Gátuð þið virkilega ekkert vitað um að hverju dró?”

Ætli ég láti ekki lesendum eftir að svara þessum spurningum. Við þeim er sennilega ekkert einhlið svar. „Hvernig gat þetta gerst? Gátuð þið virkilega ekkert vitað?” Spurningarnar eru samt þess virði að menn leiti svaranna. Kannske er „Nýja Ísland“ landið þar sem menn munu leita réttra svara, ekki bara innan-tómra fullyrðinga.



Við Viktoríuvatn  
By Lake Victoria

# Highlights from the Home Office

## Country Offices Closed Down

Due to reduction in the allocations to the Iceland Development Agency in 2009 and the depreciation of the Icelandic króna it was decided to discontinue development cooperation with Sri Lanka and Nicaragua. The decision was also made not to renew an agreement on development cooperation with the Namibian government which is due to expire at the end of 2010. ICEIDA's country office in Colombo, also the Icelandic Embassy in Sri Lanka, was closed in July at which time all projects had been concluded and Iceland had fulfilled all its obligations *vis-à-vis* the government. ICEIDA's country office in Managua, also the embassy of Iceland in Nicaragua, was formally closed in August. Because of Iceland's obligations to the government in Nicaragua on cooperation concerning geothermal utilisation until 2012, an office will be operated in the country for the duration of the project period and ICEIDA has acquired office facilities at the Finnish Embassy in Managua for its locally hired employee. Around the middle of 2009, the Icelandic authorities notified the Namibian government that it would not be possible to grant its request for an extension of their agreement on development cooperation. Thus, in 2009, Iceland's partner countries were reduced by two and by the end of 2010 the partner countries will be three instead of the six prior to the financial crisis. The closing down of operations will be discussed in more detail in the separate sections on each partner country.

## Employee Manual

The ICEIDA employee manual was first published in 2002 and has been reviewed on a regular basis since then. The ICEIDA working environment has undergone substantial changes over the past years. Special mention may be made of a new Act on Icelandic International Development Cooperation adopted by the Parliament in the autumn of 2008, which provided the Agency with a new working environment. In response to this, an extensive review of the manual was carried out, which included *inter alia* the coordination of ICEIDA's employee manual and the MFA's employee manual. The new edition of the manual took effect in June and replaces the revised version from 2007.

The purpose of the manual is, as before, to provide the most accurate information possible on the rights and obligations of the employees of the Agency. The purpose is also to ensure that cases concerning the rights and obligations of employees are at all times dealt with in a comparable manner. Furthermore, the manual is aimed at easing the first steps of new employees of ICEIDA in their work. A new Code of Conduct of the Agency forms a part of the manual.

## Code of Conduct

Preparations for the Code of Conduct for ICEIDA began in 2008. It was considered necessary to produce a comprehensive set of rules reiterating the responsibility of parties and giving guidance for decision-making and procedures within the Agency. The objective of such rules is to promote the welfare and protect the rights of all those affected by ICEIDA operations.

It was soon decided to work alongside the Ministry for Foreign Affairs in the preparation as such a Code of Conduct was under preparation in the ministry at that time. Numerous joint meetings were held and a significant number of parties were consulted when drafting the Code of Conduct. ICEIDA's publication of the Code of Conduct took effect on 26 June 2009 and it is essentially identical to that of the ministry. The Code applies to all who work for ICEIDA. It was soon translated into English and published in a special publication to ensure its accessibility. The Code is divided into sections on interaction, obligations, financial matters and security matters. It is accessible on the Agency's website.

# Yfirlit frá aðalskrifstofu

## Lokun umdæmisskrifstofa

Sökum niðurskurðar í framlögum til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á árinu og gengisfalls íslensku krónunnar var ákveðið að hætta þróunarsamvinnu við Sri Lanka og Níkaragva. Einnig var tekin sú ákvörðun að endurnýja ekki samning um þróunarsamvinnu við namibísk stjórnvöld, en hann rennur út í lok árs 2010. Umdæmisskrifstofu PSSÍ og sendiráði Íslands í Kolombó, Sri Lanka, var lokað í júlí, en þá hafði öllum verkefnum verið lokið og Ísland staðið við allar sínar skuldbindingar gagnvart stjórnvöldum. Umdæmisskrifstofu PSSÍ og sendiráði Íslands í Managva, Níkaragva, var formlega lokað í ágúst. Vegna skuldbindinga Íslands um samstarf við stjórnvöld í Níkaragva um jarðhitamál fram til 2012 verður rekin skrifstofa í landinu út samningstímann og fékk staðarráðinn starfsmaður PSSÍ starfsaðstöðu í sendiráði Finna í Managva. Um mitt ár 2009 tilkynntu íslensk stjórnvöld namibískum stjórnvöldum að ekki væri unnt að verða við óskum þeirra um framlempingu á samstarfssamningi þjóðanna um þróunarsamvinnu. Samstarfspjóðum Íslendinga fækkaði því um tvö á árinu 2009 og í lok ársins 2010 verða samstarfsríkin helmingi færri en fyrir fjármálakreppuna, orðin þrjú í stað sex. Nánar er fjallað um þessi starfslok í umfjöllun um samstarflöndin sjálf.

## Starfsmannahandbók

Handbók starfsmanna PSSÍ kom fyrst út árið 2002 og hefur verið endurskoðuð reglulega síðan. Miklar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi PSSÍ á síðustu misserum og árum. Má þar sérstaklega nefna ný lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands sem afgreidd voru frá Alþingi haustið 2008 og settu stofnuninni nýtt starfsumhverfi. Var í framhaldi af því ráðist í viðamikla endurskoðun á handbókinni þar sem m.a. var unnið að samhæfingu handbókar starfsmanna PSSÍ og starfsmanna utanríkisráðuneytisins. Nýja útgáfa handbókarinnar tók gildi í júní og leysti þar með af hólmi endurskoðaða útgáfu frá 2007.

Tilgangur handbókarinnar er, eftir sem áður, að gefa sem réttastar upplýsingar um réttindi og skyldur starfsfólks stofnunarinnar. Tilgangurinn er jafnframt að tryggja að ávallt séu sambærilegar afgreiðslur á málum starfsfólks er varða réttindi þeirra og skyldur. Þá er handbókin ætluð til þess að auðvelda nýju starfsfólk PSSÍ að hefja störf. Nýjar síðareglur stofnunarinnar eru hluti af handbókinni.

## Siðareglur

Undirbúnungur að gerð siðareglina fyrir PSSÍ hófst á árinu 2008. Nauðsynlegt þótti orðið að setja fram heildstæðar reglur sem áréttuðu ábyrgð aðila og væru leiðbeinandi fyrir ákvarðanatöku og verklag innan stofnunarinnar. Markmið sílendra reglna er að stuðla að velferð og vernda réttindi allra þeirra sem starfsemi PSSÍ snertir.

Fjótlega var ákveðið að ganga til liðs við utanríkisráðunueytíð við undirbúnunginn en þar var á sama tíma í gangi vinna við gerð siðareglina fyrir utanríkisþjónustuna. Haldnir voru margir sameiginlegir fundir og voru drög að reglunum borin undir fjölda aðila. Siðareglurnar í útgáfu PSSÍ tóku gildi 26. júní 2009 og eru þær að grunni til samhljóða siðareglum utanríkisráðuneytisins. Reglurnar gilda fyrir alla þá sem starfa fyrir PSSÍ. Þær voru fljótlega þýddar á ensku og gefnar út í sérstöku riti til að tryggja að þær væru sem aðgengilegastar. Reglurnar skiptast í kafla um samskipti, skyldur, mál fjárhagslegs eðlis og öryggi. Hægt er að nálgast þær á heimasíðu stofnunarinnar.

## Reglugerð um þróunarsamvinnu

Pann 23. október var samþykkt reglugerð nr. 894/2009 um framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Reglugerðin kveður á um skýrari verklagsreglur og vinnubrögð í samvinnu Íslands við þróunarlönd. Skipulag og framkvæmd þróunarsamvinnu eru skilgreind ásamt hlutverki og starfsemi þróunarsamvinnustofnunar Íslands og starfsmanna hennar. Eldri reglugerð um PSSÍ er frá árinu 1998.

## **Regulation on Development Cooperation**

On 23 October, Regulation No. 894/2009 on the Implementation of Icelandic International Development Cooperation was adopted. The Regulation provides for more clear procedures and working methods in Iceland's cooperation with developing countries. The organisation and implementation of development cooperation are defined as well as the role and operation of the Icelandic International Development Agency and that of its employees. An older regulation on ICEIDA dates back to 1998.

## **Cooperation with NGOs**

An effort was made in 2009 to simplify cooperation between the government and NGOs through the preparation of common guidelines and a single application procedure for all projects, whether emergency or humanitarian aid, which the Ministry for Foreign Affairs oversees, or development projects carried out in cooperation with ICEIDA. The guidelines will also apply to the cooperation with national NGOs in Iceland's partner countries. Due to ICEIDA's difficult financial situation, no grants were offered in 2009. However, ICEIDA's representative was on the MFA panel responsible for allocating grants for emergency and humanitarian aid.

## **Paris Declaration Survey**

As part of the Agency's internal audit, a survey was carried out in regard to ICEIDA's projects with a view to the Paris Declaration. The survey examines to what extent work procedures and methodology fulfil the requirements of the Paris Declaration concerning the ownership of partner countries, alignment to their internal systems and donor coordination in order to secure efficiency. The results of the survey also provide important information as to where and how ICEIDA's procedures should be improved and it is therefore a factor in the long-term planning of international development cooperation by the Icelandic authorities.

## **Adoption of a Gender Equality Action Plan and Appointment**

### **of a Gender Equality Representative**

During the year, a gender equality action plan was drawn up for ICEIDA and adopted by the Director General on 20 November. The objective of the action plan is to promote the equal rights and position of men and women within the Agency, as well as to integrate the gender dimension in its activities and policy-making. Furthermore, the equality plan is to stipulate targets and actions to secure the rights of ICEIDA's employees as stipulated in Act No. 10/2008 on the Equal Status and Equal Rights of Women and Men. One of the issues addressed in the equality plan is that ICEIDA must employ a gender equality representative who shall address and monitor gender equality work within the Agency. On 14 December, Þórarinna Söebech was appointed as ICEIDA's gender equality representative for a term of two years.

## **New Employee**

One new employee, Jo Tore Berg, was hired in 2009 as project manager for social projects in Malawi. He commenced his duties in May and is based in Monkey Bay as virtually all of ICEIDA's support is aimed at that area. Berg has a bachelors' degree in Anthropology and a masters' degree in Anthropology and Development Studies from the University of Iceland.

## **Total Expenditure in 2009**

ICEIDA's total expenditure in 2009 amounted to ISK 1,746.4 million which is an 11% decrease from the previous year, with reference to the Icelandic króna. However, if reference is made to the U.S. dollar, the currency which ICEIDA uses in its activities in the partner countries, the decrease amounts to 37%. ICEIDA's operations in the six partner countries are covered in detail in special sections in the annual report. A special section on the Agency's finance shows the expenses in 2009 divided by countries and sectors.

## **Samstarf við félagasamtök**

Á árinu 2009 var unnið að því að einfalda samstarf stjórvalda og félagasamtaka með því að útbúa sameiginlegar verklagsreglur og undirbúa eitt umsóknarferli fyrir öll verkefni, hvort heldur um er að ræða neyðar- og mannúðaraðstoð sem utanríkisráðuneytið sinnir eða þróunarverkefni sem unnin eru í samstarfi við þSSÍ. Verklagsreglurnar munu einnig gilda um samstarf við innlend félagasamtök í samstarfsríkjum Íslands. Vegna bágrar fjárhagsstöðu þSSÍ voru engir styrkir veittir á árinu 2009 en fulltrúi þSSÍ sat í úthlutunaráhópi utanríkisráðuneytisins vegna styrkja til neyðar- og mannúðaraðstoðar.

## **Parísaryfirlýsingarkönnun (Paris Declaration Survey)**

Sem liður í innri skoðun á verklagi stofnunarinnar var gerð könnun á verkefnum þSSÍ með tilliti til Parísaryfirlýsingarinnar (Paris Declaration Survey). Í þeirri könnun er skoðað að hve miklu leyti verklag og aðferðafræði uppfyllir kröfur Parísaryfirlýsingarinnar um eignarhald samstarfslanda, aðlögun að innlendum kerfum þeirra og samhæfingu veitenda þróunaraðstoðar til að tryggja skilvirkni. Niðurstöður könnunarinnar veita svo einnig mikilvægar upplýsingar um það hvar og hvernig verklag þSSÍ þurfi að bæta og er því liður í langtímaáætlun íslenskra stjórvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

## **Samþykkt jafnréttisáætlunar og skipan jafnréttisfulltrúa**

Á árinu var samin jafnréttisáætlun fyrir þSSÍ og var hún samþykkt af framkvæmdastjóra þann 20. nóvember. Jafnréttisáætluninni er ætlað að stuðla að jöfnum rétti og stöðu kynjanna innan stofnunarinnar sem og sambættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi og stefnumótun hennar. Áætluninni er jafnframt ætlað að kveða sérstaklega á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum þSSÍ þau réttindi sem kveðið er á um í jafnréttislögum nr. 10/2008. Eitt af málum áætlunarinnar er að á stofnuninni starfi jafnréttisfulltrúi sem fjalli um og hafi eftirlit með jafnréttisstarfi innan stofnunarinnar. Þórarinna Söebech var skipuð jafnréttisfulltrúi þSSÍ 14. desember til næstu tveggja ára.

## **Nýr starfsmaður**

Á árinu 2009 var einn starfsmaður ráðinn til starfa hjá stofnuninni, Jo Tore Berg sem ráðinn var verkefnistjóri félagslegra verkefna í Malaví. Hann tók við starfinu í maí og hefur hann aðsetur í Monkey Bay, en nánast allur stuðningur þSSÍ við Malaví beinist að því svæði. Jo er með BA gráðu í mannfræði og MA gráðu í mann- og þróunarfræði frá Háskóla Íslands.

## **Heildarútgjöld á árinu**

Heildarútgjöld þSSÍ námu 1.746,4 milljónum íslenskra króna árið 2009 sem er um 11% samdráttur milli ára ef miðað er við íslenskar krónur, en ef miðað er við Bandaríkjadalí, gjaldmiðilinn sem þSSÍ notar í starfsemi sinni í samstarfsríkjunum, nemur samdrátturinn 37%. Nánar og ítarlega er fjallað um starfsemi þSSÍ í samstarflöndunum í sérföflum í ársskýrlunni. Í sérkafla um fjármál stofnunarinnar má svo sjá hvernig útgjöld stofnunarinnar árið 2009 skiptast eftir löndum og málaflokkum.

## **Helstu mál sviðsstjóra á aðalskrifstofu í fiskimálum**

Árið 2005 var komið á fót fiskimálasamstarfi innan Alþjóðabankans sem kallast PROFISH og byggir á samstarfi bankans við hagsmunaðila í greininni. Íslensk stjórnvöld hafa verið virkur þáttakandi í PROFISH frá upphafi og veitt faglegan og fjárhagslegan stuðning. Árið 2009 var kynnt óháð úttekt sem gerð var á umsvifunum fyrstu þrjú árin. Niðurstöðurnar gefa til kynna að umtalsverður árangur hafi náðst af starfseminni, ekki síst innan bankans en helst mætti bæta stefnumörkun og markaðssetningu samstarfsins. Undanfarin ár hefur sviðstjóri fiskimála hjá þSSÍ sótt stýrihópsfundi PROFISH, í samstarfi við utanríkisráðuneytið sem fer með formleg samskipti við bankann.



Spila fótbalta i Úganda  
Playing football in Uganda

## Main Tasks of the Director of Fisheries Desk at the Head Office

In 2005, cooperation within the World Bank on fisheries, PROFISH, was established and is based on the Bank's cooperation with stakeholders in the sector. The Icelandic authorities have actively participated in the PROFISH project from the outset and provided both professional and financial support. In 2009, an evaluation of the operations was presented, carried out by independent experts, over the first three-year period. The results indicate that significant progress has been made, not least within the Bank, although there is room for improvement both as regards policy-making and the marketing of the cooperation. In recent years, ICEIDA's Director of Fisheries Desk has attended meetings of the PROFISH steering committee, in cooperation with the Ministry for Foreign Affairs, which oversees formal relations with the Bank.

There was a turning point in ICEIDA's activities in 2009 when, for the first time, the Agency participated in a multinational programme. This is a trilateral cooperation agreement between the Mozambique fisheries authorities, ICEIDA and the Norwegian authorities on support for certain matters of priority. Participation in new modalities requires extensive preparation. The Director of Fisheries Desk participated both directly and indirectly in the negotiation procedure.

The Director participated in the MFA's working group on the long-term planning of development cooperation. Emphasis was placed on responsibility, results and reliability. Furthermore, the work was guided by international commitments concerning increased efficiency, coordination and harmonisation of the activities.

The Director of Fisheries Desk attended several meetings and conferences during the year, both at home and abroad. Amongst these was a meeting in Sweden of European experts in fisheries in the developing countries, and a Board meeting in Rome of the World Bank's PROFISH project. In addition, the Director continued with the review of procedures concerning the preparation, implementation, monitoring and evaluation of ICEIDA's projects. Coordination was, in particular, addressed and the first comprehensive list of definitions and terms in Icelandic development cooperation was compiled both in Icelandic and English.

## Main Tasks of the Director of Energy and Social Desk at the Head Office

The Director's tasks were carried out in accordance to the procedures which were adopted following the change of Directors in 2008. However, the closing down of the country office in Nicaragua increased the scope.

In February, the Director visited Mozambique to acquaint himself with the status of social projects in the country, as the Agency's support to the MMAS, as well as to the MEC, had been redefined to a great extent. A recent project, carried out in cooperation with the latter, on adult education and life-skills in Jangamo district, was examined especially. On the same mission, the Director attended a strategic meeting on adult education in Uganda, held following an evaluation of the progress of the Agency's adult education projects in Malawi and Uganda. In July, the Director attended a conference on geothermal energy on the island of Nevis in the Caribbean. The purpose was to introduce the results of an evaluation of the regulatory framework concerning geothermal energy on the islands of Dominica and Nevis, ICEIDA having concluded an agreement with the Icelandic National Energy Authority to provide such assistance. Uganda was visited in November, with the purpose of introducing, together with a representative from Iceland GeoSurvey (ISOR), the conclusions and recommendations presented in the final draft of the report on the geothermal energy projects in Katwe-Kikorongo and Kibiro. On this same tour, the Director

attended the annual meeting of ARGeo held in Nairobi where the project was formally adopted.

When the country office in Nicaragua was closed down, supervision of the Agency's geothermal energy project was transferred from the Country Director of that country to the Director of Energy Desk. The Director attended two Steering Committee meetings for the project, in February and December. Further to this, an agreement was concluded with Reykjavik Geothermal on geothermal energy consultancy, including the monitoring of the project in Nicaragua.

## Course held in Cooperation with the Icelandic Crisis Response Unit and the Icelandic Red Cross on Development Cooperation and Aid Work

In the spring, a course was held on development cooperation, humanitarian aid and peace work in the field, a joint effort by ICEIDA, the Iceland Crisis Response Unit of the MFA and the Icelandic Red Cross. The main objective of the course was to meet the need for general instruction and information on this area as a whole, and it was expected that the participants would become acquainted with the principle trends in international aid ideology and methodology and would gain an understanding of the national and international bodies' spheres of activity. The course was a combination of lectures and practical exercises, where maximum effort was made to provide the participants with an insight into the working environment and circumstances in the field. The course was held in cooperation with Continuous Education of the University of Iceland and carried out both at its premises and at the MFA from 29 April to 17 May, 25 hours in all. Twenty five people attended the course, from a field of twice that many applicants.

## Breakfast Meeting on Health Issues in Monkey Bay in Cooperation with Reykjavík University on 3 November

To commemorate 20 years of cooperation between Iceland and Malawi in the field of development cooperation, and 10 years of cooperation with health authorities in the country, ICEIDA held a breakfast meeting in cooperation with Reykjavík University. At the meeting, Geir Gunnlaugsson, Medical Director of Health, then professor of public health at Reykjavík University, and Jónína Einarsdóttir, professor of Anthropology at the University of Iceland, introduced an evaluation on the situation and prospects of health care in Monkey Bay in Mangochi district, which ICEIDA has supported since 2000. In addition, Inga Dóra Pétursdóttir, a masters' student in Development at the University of Iceland and former employee of ICEIDA, discussed health care at the time of HIV/AIDS. The meeting was well attended.

## Open House at ICEIDA on Reykjavík Cultural Night, 22 August

ICEIDA held an open house on Reykjavík Cultural Night on 22 August. The ICEIDA headquarters at Þverholt 14 were open between 14-18. ICEIDA's operations were introduced in words and pictures and employees were present to answer the guests' questions. Various artworks from Iceland's partner countries were on display. These have been acquired by ICEIDA over the 25-year period in which the Agency has been operating; paintings, sculpture and wood carvings of various types. Between one and two hundred guests visited the Agency.

Á árinu 2009 urðu vatnaskil í umsvifum PSSÍ þegar stofnunin gerðist í fyrsta skipti þátttakandi í fjölpjóðlegri verkefnastoð (e. Programme). Hér er um að ræða þríhliða samstarfssamning mósambískra fiskimálayfirvalda við PSSÍ og norsk stjórnvöld um stuðning við tiltekin áherslumál. Mikið undirbúningsstarf liggur að baki þátttökum í nýjum nálgunum. Tók sviðstjóri fiskimála bæði beinan og óbeinan þátt í samningaferlinu.

Sviðstjóriinn tók þátt í starfshópi utanríkisráðuneytisins um gerð langtíma-áætlunar um þróunarsamvinnu. Áhersla var lögð á ábyrgð, árangur og áreiðanleika. Ennfremur voru alþjóðlegar skuldbindingar okkar um aukna hagkvæmni, samræmingu og samhæfingu starfsins hafðar að leiðarljósi.

Sviðstjóri fiskimála sótti nokkra fundi og ráðstefnur á árinu, bæði innanlands og erlendis. Meðal annars sótti hún fund evrópskra sérfræðinga í fiskimálum þróunarlanda í Svíþjóð og stjórnarfund PROFISH-verkefnisins Alþjóðabankans í Róm. Auk þess vann sviðstjóriinn að áframhaldandi endurskoðun verkferla við undirbúning, framkvæmd, eftirlit og úttekt verkefna stofnunarinnar. Sérstaklega var hugað að samræmingu og fyrsti heildstæði listinn, bæði á íslensku og ensku, yfir skilgreiningar og hugtök í íslenskri þróunarsamvinnu leit dagsins ljós.

## Helstu mál sviðstjóra á aðalskrifstofu í orku- og félagsmálum

Verkefni sviðstjóra héldu áfram að mestu með sama hætti og mólast hafði í kjölfar sviðstjóraskiptanna árið 2008. Lokun umdæmissskrifstofunnar í Níkaragva jón þó á umfang starfsins.

Í febrúar heimsótti sviðstjóri Mósambík til að kynna sér stöðu félagslegra verkefna í landinu en ákveðin vatnaskil voru í stuðningi stofnunarinnar við kvenna- og félagsmálaráðuneytið sem og við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Nýlegt verkefni í samvinnu við hið síðarnefnda, um fullorðinsfræðslu og lífsleikni í Jangamo-héraði, var skoðað sérstaklega. Í sömu ferð sótti sviðstjóri stefnumótunarfund um fullorðinsfræðslu í Úganda, en fundurinn var haldinn í kjölfar mats á framvindu fullorðinsfræðsluverkefna stofnunarinnar í Malaví og Úganda. Sviðstjóri sótti í júlí ráðstefnu um jarðhitamál sem haldin var á eyjunni Nevis í Karíbahafinu. Tilgangurinn var að kynna niðurstöður matsgerðar á regluverki jarðhitamála á eyjunum Dóminiku og Nevis en PSSÍ hafði gert samning við Orkustofnun Íslands um að veita slíka aðstoð. Úganda var heimsótt í nóvember í þeim tilgangi að kynna, ásamt fulltrúa ÍSOR, þær niðurstöður og ráðleggingar sem er að finna í lokaskýrslu um jarðhitaverkefni í Katwe-Kikorongo og Kibiro. Í sömu ferð sat sviðstjóri ársfund ARGeo sem haldinn var í Naíróbí, en á fundinum var verkefninu formlega veitt brautargengi.

Við lokun umdæmissskrifstofunnar í Níkaragva fluttist eftirlit með jarðhitaverkefni stofnunarinnar frá umdæmisstjóra þess lands til sviðstjóra orkumála. Sviðstjóri sótti two stjórnarfundi verkefnisins, þann fyrr í febrúar en hinn síðari í desember. Einnig var gerður samningur við Reykjavík Geothermal um að veita stofnuninni ráðgið í jarðhitamálum, þ.m.t. við eftirlit verkefnisins í Níkaragva. Um mitt ár sótti sviðstjóri sex vikna inngangsfyrilestranámskeið við Jarðhitaskóla Háskóla S.p.

## Námskeið í samstarfi við Íslensku friðargæsluna og Rauða kross Íslands um þróunarsamvinnu og hjálpstarf

Á vordögum var haldið námskeið sem bar heitið "Þróunarsamvinna, mannúðar- og friðarstarf á vettvangi erlendis", en námskeiðið var samstarfsverkefni PSSÍ, friðargæsluskrifstofu utanríkisráðuneytisins og Rauða kross Íslands. Meginmarkmiðið með námskeiðinu var að mæta þörf á almennri fræðslu og upplýs-

ingum um málflokkinn í heild sinni og gert var ráð fyrir að þátttakendur kynntust helstu straumum og stefnum í hugmynda- og aðferðafræði alþjóðlegs hjálpstarfs og öðluðust skilning á verksviði innlendra og alþjóðlegra stofnana. Námskeiðið var blanda af fyrilestrum og verklegum æfingum, en reynt var eftir fremsta megni að veita þátttakendum innsýn i vinnumuhverfi og aðstæður á vettvangi. Námskeiðið var haldið í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og var haldið í húsakynnum þeirra og í utanríkisráðuneytinu 29. apríl – 17. maí, í samtals 25 tíma. Tuttugu og fimm manns sóttu námskeiðið en umsækjendur voru tvöfalt fleiri.

## Morgunverðarfundur um heilbrigðismál í Monkey Bay í samvinnu við Háskólan í Reykjavík 3. nóvember

Í tilefni af 20 ára samstarfi Íslands og Malaví á sviði þróunarsamvinnu og 10 ára samstarfi við heilbrigðisyfirvöld í landinu efndi þróunarsamvinnustofnun Íslands til morgunverðarfundar í samstarfi við Háskólan í Reykjavík. Á fundinum var kynnt ný úttekt Geirs Gunnlaugssonar landlæknis, þáverandi prófessors í lýðheilsu við HR og Jónínu Einarsdóttur prófessors í mannfræði við HÍ, um stöðu og viðhorf til heilsugæslunnar í Monkey Bay í Mangochi-héraði, sem PSSÍ hefur stutt við frá árinu 2000. Þá ræddi Inga Dóra Pétursdóttir, meistaraniemi í þróunarfræðum við HÍ og fyrrverandi starfsmaður PSSÍ, um heilsugæslu í skugga HIV og alnæmis. Fundurinn var fjölsóttur.

## Opið hús hjá PSSÍ á menningarnótt 22. ágúst

PSSÍ var með opið hús á Menningarnótt Reykjavíkurborgar laugardaginn 22. ágúst. Opið var á aðalskrifstofu PSSÍ í þverholti 14, 2. hæð, frá klukkan 14-18. Starfsemin var kynnt í máli og myndum og starfsfólk til staðar til að svara spurningum gesta. Einnig voru til sýnis ýmis listaverk frá samstarfsþjóðum Íslendinga sem PSSÍ hefur eignast frá því stofnunin tók til starfa fyrir rúnum aldarfjörðungi, málverk, höggmyndir og trélistaverk af ýmsu tagi. Á annað hundrað gestir komu í heimsókn.

## Starfsnemar og styrkir

Vegna niðurskurðar í fjárlögum og samdráttar í framlögum til PSSÍ árið 2009 gat stofnunin hvorki ráðið til sín starfsnema né veitt árlega styrki til nemenda í doktors- og meistaránámi.

PSSÍ styrkti einn nemanda til náms í Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, Juana Ruiz Mendieta frá Níkaragva, sem hlaut styrk til sex mánaða náms í skólanum.

## Umdæmisstjórafundur á Íslandi í janúar og í Malaví í október

Á árinu 2009 atvikaðist það svo að haldnir voru tveir umdæmisstjórafundir PSSÍ. Um er að ræða árlega fundi, en fundurinn sem halda átti árið 2008 frestaðist fram yfir áramót og var haldinn dagana 6.-7. janúar í Reykjavík. Þann fund sátu Stefán Jón Hafstein, Malaví, Jóhann Pálsson, Mósambík, Árni Helgason, Úganda, Vilhjálmur Wiium, Namibíu, Geir Oddsson, Níkaragva og Tumi Tómasson, Sri Lanka. Auk þeirra sátu fundinn fulltrúar frá aðalskrifstofu. Meðal dagskrátríða má nefna áhrif nýrra laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu á starfsemi PSSÍ, horfur í rekstri stofnunarinnar árið 2009, handbók um meðhöndlun skjala, nýtt ráðningaferli og undirbúningsfræðslu starfsfólks og brottförlina frá Sri Lanka.

## **Interns and Scholarships**

Due to budget cutbacks and reductions in contributions to ICEIDA in 2009, the Agency was neither able to hire interns nor offer its annual scholarships to students at the master's and doctoral levels.

ICEIDA offered one student, Juana Ruiz Mendieta from Nicaragua, a six-month scholarship to study at the UN University Geothermal Training Programme, UNU-GTP.

## **Country Directors' Meeting in Iceland in January and in Malawi in October**

